**12. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 21. maí 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **1504136 - Leiksvæði í Skógarhverfi**

   *Á fundinn mættu f.h. Hverfisráðs Skógarhverfis, Ásgeir Sævarsson, Karen Lind Ólafsdóttir, Andri Karvelsson og Anna Þóra Þorgilsdóttir.*
   *Ráðið kynnti sameiginleg áform um hverfisgarð. Um er að ræða tilraunaverkefni um uppbyggingu hverfisgarða. Garðyrkjustjóra falið að vinna áfram að verkefninu.*

2. **1505067 - Umhverfisverðlaun 2015**

   *Garðyrkjustjóri kynnti fyrirhugað fyrirkomulag umhverfisverðlauna 2015. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirkomulagið sem m.a. felur í sér að skipaður verði faghópur sem skili tillögum til skipulags- og umhverfisráðs, ásamt tillögum frá bæjabúum. Verðlaunaafhending verði á Írskum dögum. Skipulags- og umhverfisráð felur garðyrkjustjóra að fylgja málinu eftir.*

3. **1505066 - Vorhreinsun 2015**

   *Garðyrkjustjóri kynnti verkefnið og falið að skipuleggja framkvæmd verkefnisins.*

4. **1310152 - Starfshópur um gerð umferðaröryggisáætlunar**

   *Þorvaldur Vestmann kynnti tillögu Starfshóps um gerð umferðaröryggisáætlunar um leyfilegan hámarkshraða á Akranesi. Skipulags- og umhverfisráð beinir því til starfshópsins að taka til athugunar ábendingar um lækkun hámarkshraða á Suðurgötu við Akratorg og á Kalmansvöllum. Óskað er eftir að starfhópurinn taki sérstaklega til skoðunar úrbætur við gangbrautir á Ketilsflöt við Akrasel.*

5. **1505016 - Höfðagrund - skemmdir á varnargarði**

   *Skipulags- og umhverfisráð þakkar ábendinguna. Sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs falið að fylgja málinu eftir.*

6. **1407133 - Hraðhleðslustöð á Akranesi**

   *Kristján S. Gunnarsson kynnti breytingar á staðsetningu hraðhleðslustöðvar á lóð Dalbrautar 1. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir nýja staðsetningu og fagnar framtakinu.*

EB

**7. 1505065 - Suðurgata 64, leiga húsnæðis**

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að auglýsa húsnæðið til leigu, að hámarki til eins árs.*

**8. 1505064 - Sólmundarhöfði 2, leiga húsnæðis.**

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að auglýsa húsnæðið í samræmi við drög að auglýsingu.*

**9. 1401166 - Faxabraut 3 - leiga/sala á húsnæði**

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fela sviðstjóra skipulags- og umhverfissvið að ganga til samninga við Akranes Adventure Tours ehf. um leigu á húsnæði samkvæmt fyrirliggjandi tilboði.*

**10. 1505094 - Merkigerði 9, skilti**

*Skipulags- og umhverfisráð leggst ekki gegn uppsetningu á skilti samkvæmt umsókn, en mælist til þess að umsækjandi endurskoði áform sín.*

**11. 1503230 - Viðhald fasteigna - úthlutun 2015**

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir tillögu 1 frá skipulags- og byggingarfulltrúa um úthlutun styrkja vegna viðhalds fasteigna og falið að ganga frá endanlegum lista yfir umsækjendur sem hljóta úthlutun.*

**12. 1504030 - Baugalundur 20, umsókn um byggingarleyfi**

*Málið kynnt.*

**13. 1408071 - Kirkjubraut 33, eignaskiptayfirl. endurnýjun lóðaleigusamnings.**

*Skipulags- og umhverfiráð felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ganga frá málinu í samræmi við lög og reglur.*

**14. 1502143 - Brúarflöt 4, breyting á húsnúmeri**

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að samræmi verði á húsanúmerum á Brúarflöt 2 og 4. Þar sem Brúarflöt 2 númerast 2 og 2A skal Brúarflöt 4 númerast á sama hátt, 4 og 4A.*

**15. 1504056 - Ægisbraut 21 - umsókn um byggingarlóð**

*Skipulags- og umhverfisráð leggst gegn úthlutun lóða á Ægisbraut vegna yfirstandandi vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Akraness.*

**16. 1504103 - Ægisbraut 21 - umsókn um byggingarlóð**

*Skipulags- og umhverfisráð leggst gegn úthlutun lóða á Ægisbraut vegna yfirstandandi vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Akraness.*

ÉB

**17. 1505021 - Stekkjarholt 18, endurnýjun lóðaleigusamnings**

*Málið kynnt.*

**18. 1505020 - Vogabraut 26, endurnýjun lóðaleigusamnings**

*Málið kynnt.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**

Einar [illegible]

Rakel Óskarsdóttir

Karitas Jónsdóttir

Kristín Sigurgeirsdóttir

Hafdís Sigurþórsd. rit.